

Foreldrafélag, fundur 22.ágúst 2018, 8:15-8:45

Mættar:

Bryndís

Ída Björg

Vordís (ritari)

Farið var yfir skóladagatalið 2018-2019 og helstu viðburðir ræddir.

4.sept, foreldrafundur og haustkynning Sjálands. Hugmyndir ræddar um hvernig væri hægt að auka þáttöku foreldra á þennan viðburð, undanfarin ár hefur verið dræm þátttaka. Rætt var hvort betra sé að hafa fundinn kl17 eða kl20, eða hvort það þætti að halda hann inná hverjum kjarna að morgni til. Einnig var rætt hvort það væri hægt að sameina hann með fræðslukvöldi foreldrafélagsins (sem er sett 9.okt) og freista þess að ná fleirum foreldrum á fundinn þannig. *Ída Björg ræðir þetta með skrifstofunni.*

1.des, piparkökumálun.

Erfitt hefur verið að fá foreldra til að aðstoða á þessum degi. Taka púlsinn á foreldrum (í gegnum foreldrafélags email, senda út könnun). Er áhugi fyrir því að halda áfram með þetta og þá hvernig væri hægt að virkja foreldra betur með. *Foreldrafélagið tekur þetta fyrir á næsta fundi og ræðir*

Góð mæting hefur verið á vínafundi og yfirleitt vel mætt frá þeim kjarna sem heldur fundinn. Hugmyndir um að breyta þó tímasetningunni á fundunum og hafa fundi einnig seinnipart dags (á sérstaklega við um yngsta kjarna).

Dagur leikskólans heppnaðist vel síðasta skólaár og verður endurtekinn í ár. Gott tækifæri fyrir foreldra til að sjá og kynnast betur starfi leikskólans ásamt því að fá betri innsýn í það hvernig krakkar vinna með efniviðinn sem er í boði í skólanum.

Ákveðið var að hafa foreldraviðtöl í byrjun janúar í stað þess að hafa viðtöl í okt og jan.

Sjáland fékk leyfi til að færa starfsdag sem vanalega hefur verið í kringum uppstigningardag til 26.apríl. Starfsmenn eru þá á leið í námsferð til Barcelona.

Næstu skref:

Foreldrafélagið opnar foreldrafélags gmail og býr þannig til samskiptaleið milli foreldra og félagsins. Þetta hefur vantað.

Upplýsingar settar inn á heimasíðu leikskólans um starfsemi foreldrafélagsins, hverjir séu í því, og hvernig sé hægt að koma skilaboðum áleiðis til félagsins. Foreldrafélag tekur þetta fyrir á næsta fundi

Foreldrafélag hittist fyrir ágústlok og undirbýr fundinn 4.sept og byrjar undirbúning fyrir karnivalið 20.sept

Ída sendir á foreldrafélag verklag kennara fyrir karnivalið